

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 303

september 2017



We Serve

September 2017. Blað nr. 303
THE LION IN ICELANDIC
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar
Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku.
Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl.
09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2017 – 2018

Fjöllumdæmisstjóri: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Arnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Árni B. Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjöllumdæmisstjóri: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson, Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrsson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaforsætli Lions: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl.

Mosfellsbæjar.

Hjálparsjóðsstjóri: Kristinn G. Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar maður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.

Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varaumdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F. Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Varaumdæmisstjóri 109B: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Engey.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Fjöllumdæmisráð:



Jón Pálmason,
fjöllumdæmisstjóri. Jón er
félagi í Lionsklúbnum
Viðarr. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: jp@oerkis.is



Ellert Eggertsson,
umdæmisstjóri 109 A. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
hafa samband við hann þá
er netfang hans: ellert.
eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
umdæmisstjóri 109 B. Björn
er félagi í Lionsklúbnum
Hæng. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: bjorn2505@
gmail.com

Framkvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh Aggarwal Indland

Immediate Past President: Robert „Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt Yngvadóttir Ísland

Second Vice President: Jung-Yul Choi Suður Kórea

Third Vice President: Haynes Townsend, USA

First Year Directors

Doo-Hoon Ahn

Sandro Castellana

Hastings E. Chiti

William Galligani

Thomas Gordon

Nicolás Jara Orellana

Ardie Klemish

Alice Chitning Lau

Connie Leclair-Meyer

Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland

Regina Risken

Yoshio Satoh

Patricia Vannett

Gwen White

Nicholas Xinopoulos

Second Year Directors:

Bruce Beck

Tony Benbow

K. Dhanabalan

Luiz Geraldo Matheus Figueira

Markus Flaaming

Elisabeth Haderer

Magnet Lin

Sam H. Lindsey, Jr.

N. Alan Lundgren

Joyce Middleton

Nicolin Carol Moore

Yasuhisa Nakamura

Aruna Abhey Oswal

Vijay Kumar Raju Vegesna

Elien Van Dille

Jennifer Ware

Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og dreifing: Lionsklúbburinn Úa.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Naresh Aggarwal ásamt eiginkonu, Navita.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 19. október

Uppfærsla á okkar þjónustu til þín – sem ljón

Pistill Alþjóðaforseta

Naresh Aggarwal

alþjóðaforseti



Namaste! Hið góða í mér heilsar hinu góða í þér. Velkomin á nýja lionsöld. Markmið mitt á næstu 12 mánuðum er mjög einfalt - að koma með nýja þjónustu til Lionsfélaga og frá Lionsfélögum. Áður en ég bið þig um að ná næsta stigi af þjónustu, mun lionstarfið ná nýrri þjónustu við þig.

Svo hvernig get ég þjónað 1,4 milljón Lionsfélaga? Ég get ekki gefið öllum æðstu stöðu. Ég get ekki gefið ykkur peninga. Ég get ekki hitt ykkur öll. Hins vegar ætla ég að snerta allt líf ykkar með krafti til að þjóna.

Svo við skulum skoða hvert stig af Lionsferlinum og hvernig ég get hjálpað. Fyrsta stigið er að verða nýr meðlimur. Þegar ég varð nýr félagi fyrir 43 árum, fannst mér skyndilega eins og ég hefði yfirgefið heimabæ minn og orðið heimsborgari. Á þessu ári vil ég biðja alla Lionsfélaga að sækja nýja farsímaforritið. Það mun tengja alla meðlimi okkar á einum alþjóðlegum vettvangi.

Næsti áfangi er að byrja að þjóna. Sem félagi í Batala Smile Lions Club í Punjab, Indlandi, var ég stoltur af því hvernig samfélagið byrjaði að virða mig. Þessi virðing var háð fjölda fólks sem ég þjónaði og hversu margir voru meðvitaðir um þessa þjónustu. Við höfum nú búið til nýtt embætti „Global Service Team“ sem útleggst á íslensku sem „Verkefnateymi“. Verkefnafulltrúi umdæmisins mun koma með verkefni sem þjóna fjölda manna miðað við dollara og klukkustundir. Þeir munu einnig þjálfva Lionsfélaga hvernig á að breyta venjulegu verkefni í erfðaverkefni í gegnum vörumerki Lions og almannatengsl.

Þriðja stigið er að leita að forystu. Á meðan ég var ánægður með að stíga upp stiga Lions, vildi ég stundum að leiðtogar okkar leggðu meiri áherslu á vinnu en á löngum ræðum. Nýtt verðlaunakerfi mun hvetja til viðleitni Lions leiðtoga í rétta átt. Við ætlum að verðlauna að halda meðlimum og leggja því

áherslu á þig - núverandi meðlimi okkar. Ný verðlaun verða einnig gefin fyrir þau verkefni sem að yfir helmingur félagsmanna tekur þátt í og að búa til fleiri erfðaverkefni.

Sem leiðandi leiðtogi lionsmanna vil ég halda öllum tengdum lionsstarfinu. Nýtt forrit „Velkomin heim“ forritið okkar er alþjóðlegur netklúbbur fyrir félagsmenn sem geta ekki sótt almenna félagsfundir. Fundir og greiðslur á gjöldum eru einungis framkvæmd á netinu.

Síðasti áfanginn er núna. Ég vil gefa hverjum Lionsfélaga sama markmið fyrir næstu 12 mánuði. Draumurinn minn er að hver félagi muni þjóna 10 manns í hverjum mánuði. Ef þetta gerist munum við þjóna 170 milljónum manna á þessu ári - stór aukning frá núverandi 100 milljón manns og stórt skref í átt að markmiði okkar að þjóna 200 milljónum á ári fram til 2020. Þetta er í brennidepli allra funda um allan heim.

Allt það besta. Sjáumst þegar ég ferðast um heiminn.

Naresh Aggarwal
Lions Clubs International President
Þýðing: Sigfríð Andradóttir



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fyrsta tölublað þessa starfsárs komið út. Lionsfélagar eru að koma úr sumarfríum og nýtt starfsár er að fara í gang í flestum klúbbum og sumir jafnvel byrjaðir þegar. Á þessu starfsári verða breytingar á útgáfu blaðsins eins og áður hefur komið fram í mínum pistlum. Þið munið ekki sjá þessar breytingar fram að áramótum en á næsta almánskári verða breytingar sem ég mun kynna vel fyrir ykkur væntanlega í desemberblaðinu. Ritstjóri mun sækja námskeið í nóvember þar sem farið verður í hvernig útgáfan mun breytast.

Þetta blað er frekar rýrt af efni þar sem fáir klúbbar sendu inn greinar og vil ég því minna ykkur á að vera dugleg að senda inn greinar svo við fáum gott blað. Sú nýbreytni er í þessu blaði að ég sæk stuttar greinar og myndir inn á Facebook hópinn „Lions mál“ og birti í blaðinu. Ef þeir sem setja þar inn vilja ekki að greinar sínar séu birtar á þennan hátt vinsamlegast látið mig vita.

Nýtt starfsár er nú hafið hjá okkur öllum og vænti ég mikils af því og vona að okkur beri gæfa til að styrkja hreyfinguna á Íslandi því eins og flestir lionsfélagar vita þá verður Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lionsklúbbnum Eik kjörin alþjóðaforseti Lions sumarið 2018 í Las Vegas. Þetta er ekki líttill heiður fyrir hana og lionshreyfinguna á Íslandi. Hún er fyrsta konan í 100 ára sögu lionshreyfingarinnar sem hlýtur þennan heiður, fjölmennustu mannúðar- og líknarhreyfingu í heiminum.

Ritstjóri gerði þau leiðu mistök að setja ekki eina grein frá Lionsklúbbnum Seylu í síðasta blað en varð á að setja myndir sem áttu að fylgja þeirri grein með annari. Eina sem ég get gert er að biðjast afsökunar á þessu sem ég hef þegar gert til félaga í Seylu og nú hér. Greinin eins og hún átti að vera í vor er í þessu blaði.

Ég vil þakka öllum þeim sem sendu grein inn í blaðið og ég vona að félagar verði í meira ritstuði þegar kemur að næsta blaði. Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs og vona að starfið í vetur verði farsælt og gæfuríkt.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Fæddur leiðtogi

Skrifað af Jay Cobb

Sem nýr lionsfélagi í litlu þorpi í Indlandi fyrir hart nær hálfri öld síðan, dreymdi Naresh Aggarwal um það að leiða alþjóðahreyfingu Lions. Nú dreymir hann um að taka lionshreyfinguna inná nýjar og óþekktar brautir.



Ég spurði tug eða svo manna sem eru nánir lionshreyfingunni um að lýsa nýja forseta alþjóðahreyfingarinnar og sömu svörin komu ætíð upp. Samkvæmt konu hans, þremur börnum og samferða lions- og viðskiptamönnum þá er Naresh Aggarwal samúðarfullur, orkufullur og duglegur.

Hann hefur gaman að söng og fyrirvaralaust byrjar hann að syngja. Í framhaldsskóla þá var honum hrósað fyrir sönghæfileika sína. En hann er ekki atvinnusöngvari eða að undirbúa sig fyrir tónleika. Honum finnst gaman að syngja sem er hefð hjá honum sem sýnir glöggt að hann er ánægður með það sem hann hefur tekið sér fyrir hendur í lífinu.

Að þessu frátöldu þá er ekki hægt að neita því að hann er jarðbundinn og þekkir rætur sínar.

Ástæða þessa kemur örugglega frá líflöngum góðum árangri við vinnu í fjölskyldufyrirtækinu sem ungur maður og síðar meir við byggingu járnbrautakerfa og við hrisgrjónarækt. Þú getur ekki þróað fyrirtæki í Indlandi né annarsstaðar án þess að taka vel eftir öllum smáatriðum, vinna með staðreyndir og gera leiðina klára til þess að ná markmiðum.

Svo þegar Lions í Indlandi vildi hjálpa börnum að ná árangri í skóla þá vissi Aggarwal og aðrir lionsfélagar í Indlandi að leiðin til þess var að börnin hefðu nóg að bíta og brenna. „Ef þú ert saddur þá vinnur heilinn betur“, fullyrðir Aggarwal með hlýju brosi.

Meira en 25,000 skólabörn fá nú reglulega máltíðir þökk sé Lionsfélögum og félögum þeirra.

Aggarwal sem nú er 64 ára gamall hefur verið lionsfélagi í 43 ár og sór eið að verða 101.

alþjóðforseti Lionshreyfingarinnar 4. júlí árið 2017 í Chicago á 100. þingi hreyfingarinnar og það er ljóst að forsetatið hans verður án mikilla drauma heldur hefur hún rætur í nákvæmu skipulagi á því sem hann vill ná fram. Þjónusta við nágunngann kemur frá hjartanu. En nákvæmur útreikningur mun hjálpa okkur til að vilja þjóna enn betur. „Ef hver og einn af 1,4 milljónum meðlima hreyfingarinnar mun gefa eina klukkustund á viku í þjónustu fyrir hreyfinguna þá mun það gera 73 milljónir klukkustundir í mannsverk“, segir Aggarwal, sannfærður um að hreyfingin mun ná markmiði sínu að þjóna 200 milljónum manna árlega árið 2021.

Líf í þjónustu

Aggarwal fæddist í Batala í norður Indlandi sem er lítlill bær þar sem mikið var um fátækt. Pabbi hans sem var Rótarý félagi reyndi einnig að þjóna þeim sem erfitt áttu. Hann stóð fyrir því að verslunareigendur gæfu þeim mat sem sultu en voru of stoltir til að biðja um hjálp. „Ég lærði það af föður mínum að það að borða er afar mikilvægt en jafn mikilvægt sé að gefa“, segir hann.

Sem táningur, varð Aggarwal stofnfélagi í ungliða rotaryklúbbi, ekki ósvipað Leó klúbbum, og varð forseti í þeim klúbbum. Hann var einnig kosinn leiðtogi mikilvægs hóp innan skólans. Leiðtoga hæfileikar hans voru strax augljósir og sjálföryggi og virðing hans fyrir öðrum og skoðunum þeirra gerðu hann að náttúrulegum leiðtoga. Lionsklúbburinn, The Batala Lionsclub, var stofnaður þegar hann var 21 árs og þrátt fyrir ungan aldur var hann valinn sem vara forseti klúbbsins.

Hann vissi frá byrjun að hann vildi ná alveg á toppinn. Það var samt ekki vegna mikils sjálfálits sem hann vildi það, það var frekar um hið gullna tækifæri að breyta heiminum til hins betra. „Alveg síðan að ég gekk í lionshreyfinguna hef ég dreymt um það að leiða hana á alþjóðavísu“, bætir hann við. „Ég sá þetta stóra tækifæri fyrir fram mig. Þegar ég gekk í hreyfinguna skildi ég að ég gat skipt máli. Samtakamáttur hreyfingarinnar getur breytt borgum og ríkjum til hins betra og sem heimsborgari í Lions get ég gert heiminn að betri stað“.

Batala klúbburinn hans hefur verið virkur, hjálpað í sjónvernd með aðgerðum, með hreyfanlegar læknastofur og saumastofur fyrir konur til að læra iðn. Aldarafmælisverkefni klúbbsins var að byggja garð með leiktækjum fyrir börn og er hann sá eini sem er staðsettur í Batala.

Aggarwal kvæntist Navita árið 1974. Þau eiga þrjú börn og sjö barnabörn. Navita hefur verið kletturinn í lífi hans. „Hún er líflínan mín. Minn mesti styrkur, segir hann“. Fólk segir að bak við hvern mann er sterk kona. Ég hef þá trú að hún sé ekki að baki mér heldur er hún alltaf mér við hlið.

Aggarwal er pious, en hann segir Navitu hvetja til daglegra bæna í litla bænastaðnum sem þau hafa heima hjá sér. „Ég vill alltaf gera það þegar ég er heima. Eiginkona mín segir þetta vera eitthvað sem við þurfum að gera sem virðingu við almættið“, útskýrir hann.

Í samskiptum sínum við fólk á hverjum degi leitast Aggarwal við að virða að hver manneskja er nokkurs virði. Hann notast við hefðbunda indversku kveðjuna Namaste. „Namaste þýðir að allir eru eins“, segir hann. „Þú og ég eru jafningar. Þú og ég höfum sama guddómleika. Guddómleikinn í mér heilsar guddómleikum í þér“.

Staða hans sem forseti mun gera honum kleift að hjálpa og beisla áhugann á þjónustu við 1.4 milljónir Lionsfélaga um allan heim. „Ef hver félagi tekur þátt í starfinu þá getum við haft mikil og góð áhrif. En allir þurfa þá að taka þátt. Valdið er okkar“, segir hann. „Það er eitt sem er sterkara en allir herir í heiminum. Það er hugmynd um hvers tími er kominn, einnig samtakamáttur okkar, hvernig við höfum áhrif til hins betra“.

„Samtakamáttur okkar eru töfrarnir sem við höfum. Lionsstarfið er vald til góðra verka. Þegar Melvin Jones stakk upp á þessu á sínum tíma urðu nokkrar umræður og sitt sýndist hverjum. Ljónið er mjög nákvæmt dýr, dýr sem hugsar mjög skýrt. Merki okkar talar um hver við erum og það sem við getum gert“.

„Ljón er leiðtogi. Það er númer 1 í frumskóginum. Þetta á líka við okkur lionsmenn - við erum númer 1 í samfélaginu“.

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Umdæmisstjóri 109 A

Ellert Eggertsson

umdæmisstjóri 109A



Þegar þetta er ritað eru velflestir klúbbar að koma sér af stað og undirbúa starfið í vetur, velja félagi í nefndarstörf og skipuleggja starfsárið. Ein af stærri breytingum sem Lions hreyfingin hefur unnið að á síðasta ári og undanförunum mánuðum, er innleiðing á svokölluðu Global Action Team og tóku þær breytingar gildi 1. júlí s.l. Mig vantar gott hugtak yfir þetta á íslensku og allar tillögur vel þegnar.

Meginmarkmið með innleiðingu á GAT teymunum er að ná því takmarki sem sett er fram í LCI Forward eða framtíðarsýn Lions, um að Lions hreyfingin leggi lið eða hafi áhrif á líf 200 milljónir manna á ári hverju fyrir árið 2021 og að Lions félagar verði orðnir 1,7 milljónir á þeim tíma.

Á breytingin við um Fjöllumdæmið, Umdæmisstjórnina og eins á að innleiða GAT

í Lions klúbbana. Bætt er við einu starfsheiti eða stöðu sem er Global Service Team (GST) eða Verkefnafulltrúi. Leiðtoga og fræðsluteymið (GLT), Félagafulltrúi (GMT) og verkefnafulltrúi (GST) mynda hið nýja Global Action Team, ásamt Fjöllumdæmisstjóra, Umdæmisstjóra eða Formanni Lions klúbbs eftir því sem á við og leiða þeir þetta nýja GAT teymi.

Í stuttu máli þá eru kannski engar stórbreytingar á Leiðtoga og Fræðsluteymunum, eða Félagateyminu frá því sem var í Fjöllumdæminu og Umdæmisstjórnunum, en það er verið að víkka út þeirra hlutverk og það er verið að bæta við einni stöðu í teymið, með því að bæta við verkefnafulltrúanum, en stóra breytingin að mínu áliti er að það er ætlast til að þessir 3 aðilar ásamt leiðtoga teymissins vinni saman. Teamwork og aftur Teamwork er lykillinn að árangri. Það kemur skýrt fram í öllum starfslýsingunum „ Collaborates with GLT and GMT eða í samvinnu við GLT og GMT eða GST.

Ég ætla að reyna í stuttu máli að fara yfir hvernig þetta snýr að grasrótinni, sem eru Lions klúbbarnir, en það er þar sem við verðum að ná árangri. Fjöllumdæmið og Umdæmisstjórnirnar eru stuðningsfulltrúar sem eiga að styðja við klúbbana til að þeir nái árangri. Ef klúbbarnir ná ekki árangri, þá deyr hreyfingin.

Flestir klúbbar hafa haft Félaganefndir og Verkefnanefndir, en núna bætist við Leiðtoga og Fræðslunefnd sem ég held að fáir klúbbar hafi haft áður. Ef við tökum sem dæmi Verkefnanefndar fulltrúann (GST) eða Formann verkefnanefndar eins og við erum vön að kalla hann og sé ég ekkert að því að

gera það áfram í klúbbunum, þá er verið að víkka út hans hlutverk eða starfsskyldur.


Því miður hefur okkur ekki tekist eða unnt tími til að þýða þessar nýju starfslýsingarnar yfir á íslensku, en ég ætla að fara yfir nokkra punkta úr starfslýsingum þeirra fyrir klúbbana.

Global Service Team GST Club Service Chair eða formaður verkefnanefndar, er kosin staða í klúbbnum til eins árs og skal hann sitja í stjórn klúbbsins. Í einskönar inngangi eða yfirliti yfir stöðuna segir m.a.

Sem GST formaður verkefna nefndar klúbbsins muntu fylgja eftir Melvin Jones lífstíðardraum – um að sérhver Lionsfélagi geti tekist á við hvaða neyð sem ber að. Þú ert ábyrgur fyrir að koma í verk áhrifamiklum verkefnum sem og fjáröflunarverkefnum klúbbsins, sem ýtir undir aukið starf hjá sérhverjum félagi og eykur skilning félaganna á þörfinni fyrir aukinni þátttöku á störfum að mannúðarmálum í heiminum.

Og þeir koma með nokkrar aðferðir til að ná árangri:

- Í samvinnu við leiðtoga & fræðslu fulltrúa, félagi fulltrúa og formann klúbbsins, aðstoðar hann og stuðlar að eflingu leiðtoga og fræðslumála, félagafölgunar og eykur verkefnaval í mannúðarmálum.
- Þróar og leiðir verkefnanefndina við markmiðasetningu og gerir áætlanir um að hrinda þeim í framkvæmd.
- Vinnur gegn félagafækkun með því að skapa samstillt andrúmsloft í klúbbnum. Lætur félagana líða eins og þeir séu hluti af Lions fjölskyldunni þegar þeir vinna að verkefnum fyrir sína heimbyggð.



- Gengur úr skugga um að allar verkefna-skýrslur séu sendar í gegnum MyLCI. Hérna er sett sú, ábyrgð á formann verkefnanevndar og fylgja eftir að Activity reportin séu send á LCI.
- Eykur á samvinnu við LCIF fulltrúa klúbbsins, sér í lagi vegna fjáraflana til LCIF.
- Mætir á svæðisstjórafundi, umdæmisfundi og aðrar uppákomur umdæmissins.
- Sér um að skipuleggja og framkvæma a.m.k eitt sykursýkisverkefni.

Þetta er bara nokkur atriði sem ég tók út úr starfslýsingu formanns verkefnanevndar, en það sem mér finnst stóra breytingin, er að það eru engin verkefni honum óviðkomandi, hvort sem það eru félagamál, fjáraflanir eða önnur hagsmunamál klúbbsins almennt. Hann er hluti af Global Action Team teymi klúbbsins

sem sameiginlega vinnur að öllum verkefnum klúbbsins, hann á að stuðla að og skapa skemmtilegt andrúmsloft á fundum, þannig að félagarnir sækist eftir því að taka þátt í störfum klúbbsins og mæta á skemmtilega fundi.

Starfslýsingar formanns félaganevndar, leiðtoga og fræðslunefndar eru í svipuðum dúr og þessi lýsing, nema að það er ekki kosið um embætti leiðtoga og fræðslunefndar, það er ætlast til að varaformaður klúbbsins taki það að sér. Á sama hátt er lagt til að fráfarandi formaður taki að sér embætti LCIF.

Formaður klúbbsins leiðir Global Action Teymið, hann á að sjá um að hæfir félagar séu kosnir í embættin og að teymið haldi fundi reglulega. Hann á að vera í sambandi við GAT teymi umdæmisstjórnarinnar og eins er ætlast

til að hann hafi samvinnu við aðra formenn á svæðinu.

Ég efa ekki að þetta sé þaul hugsað og sé gert til að virkja fleiri féлага í klúbbstarfinu og um leið gera starfið skemmtilegra, fjölbreyttara og um leið ánægjulegra sem á endanum laðar að fleiri féлага í klúbbana og dregur úr brottfalli féлага.

Á næstu vikum og mánuðum munum við í umdæmisstjórninni senda klúbbunum kynningarefni um Global Action Team sem ég hvet stjórnirnar til að skoða vel og síðan innleiða í klúbbana. Ég er sannfærður um að þessar breytingar eiga eftir að efla klúbbana og gera starfið skemmtilegra.



Umdæmisstjóri 109B

Björn Guðmundsson

Varaumdæmisstjóri 109B



Sæl verið þið Lionsvinir.

Senn líður að lokum þessa starfsárs og þegar ég renni í huganum yfir árið koma upp margar góðar minningar, mér finnst þetta hafa verið gott ár. Ég hef verið lánsöm með sam-

starfsfólk í umdæmisstjórn B sem hefur unnið mjög vel, takk fyrir gott samstarf.

Við sem nú erum umdæmisstjórar nutum þeirra forréttinda að hefja starfsárið í Fukuoka í Japan þar sem okkar stórkostlegi fulltrúi Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin annar varaforseti alþjóðahreyfingar Lions, stærstu líknarsamtaka heims, fyrst kvenna í heiminum. Það verður um alla tíð ógleymanleg stund.

Starfsárið hefur verið mjög skemmtilegt, nóg að gera og stundum líttill svefn en allt saman ánægjulegt. Ég sé ekki eftir einni mínútu sem ég hef varið í Lionsstörfin. Gott samstarfsfólk og það góða fólk sem ég hef kynnst víða um land er mikill auður. Það sem mér finnst standa upp úr eru klúbba heimsóknirnar. Það er magnað að upplifa alla þá vináttu, gleði og vinnusemi sem er sammerkt með klúbbunum, stórum sem smáum og vináttan hvað mest í sterkustu klúbbunum. Takk fyrir frábærar móttökur kærur vinir í Lions.

Þessi vegferð mín sem umdæmisstjóri B umdæmisins hefur verið mér ómetanleg

reynsla. Ég hef kynnst skemmtilegu og hugmyndaríku fólk sem ég met mikils að hafa fengið tækifæri til að vinna með. Hafið bestu þakkið Lionsfólk fyrir að gefa mér þetta tækifæri.

Nú tekur nýtt fólk við í brúnni í B umdæminu, Björn Guðmundsson umdæmisstjóri, Sigfríð Andradóttir vara umdæmisstjóri og Bragi Ragnarsson annar vara umdæmisstjóri, frábært fólk sem á eftir að gera góða hluti. Ég óska þeim velfarnaðar í starfi.

Ég er bjartsýn á framtíð Lionshreyfingarinnar á Íslandi, við eigum fjöldann allan af sterku, jákvæðu og fórnfúsu fólkum sem vinnur mikla vinnu og góða en þarf að vera duglegur að láta vita af því hvað það er í raun að vinna mikið og vel fyrir sitt samfélag.

Formannafundur haldinn í Hlíðasmára 23. september, tímasetning auglýst síðar.

Þökk sé Lions og LCIF

Miriam, ung kona frá Chad þjáðist af sjaldgæfum augnsjúkdómi. Hún var ófrísk og var ekki viss um að henni tækist að hugsa nógu vel um barnið sitt. Rétt eftir að hún eignaðist barnið kom þá lausnin. Fyrir tilstilli Lions og LCIF komst Mariam í augnaðgerð sem tókst sérlega vel. Mariam er aðeins ein af mörgum milljónum sem sjónverndaráttak Lionshreyfingarinnar hefur bjargað.

Síðasta starfsár markaði stór tímamót fyrir Lions og LCIF. Með styrkveitingum sem stjórn LCIF samþykkti í janúar síðastliðnum hafa styrkveitingar sjóðsins verið frá upphafi yfir milljarðs dollara markað. Frá stofnun LCIF 1968 hafa verið veittir meira en 13.000 styrkir. Milljónir manna um allan heim hafa öðlast betri heilsu og betra líf vegna þessara styrkveitinga.

LCIF hefur bætt sjón foreldra sem ekki gátu séð börnin sín, endurreist byggðarlög sem hafa orðið illa úti í náttúruhamförum, fætt hungraða og aðstoðað ungmenni til menntunnar. Með stuðningi LCIF hafa milljónir fengið aðgang að hreinu vatni og betri hreinlætisaðstöðu. Fólk sem litið var hornauga vegna með ýmiskonar fötlunar hefur fengið aðgang skólum og þannig fengið tækifæri til að sanna sig í þjóðfélaginu.

Þessi milljarður dollara sýnir fólki að Lionsfélagar láta sér ekki á sama standa og að LCIF veitir ómetanlega aðstoð um allan heim.

Fyrsti styrkurinn sem veittur var fór til borgarinnar Rapid í Suður Dakóta eftir hamfaralóð. Það var árið 1972. Vegna óvenjulegra veðuráðstæðna urðu rigningar þar af áður óþekktri stærðargráðu. Meira en 200 íbúar létust og yfir 5.000 misstu heimili sín. Neyðarstyrkurinn frá LCIF nam 5.000 dollurum.

Einn af fyrstu styrkjum sjóðsins var vegna eldgossins í Vestmannaeyjum 1973.

Neyðarstyrkir frá LCIF eru oft á tíðum fyrstu styrkir sem berast eftir náttúruhamfarir. Það er fyrst og fremst góðu tengslaneti um allan heim að þakka.

Megin áherslum LCIF má skipta í fjóra flokka. Sjónvernd, ungmennamálefni, náttúruhamfarir og mannúðarmál. Alltaf er lögð áhersla á að hjálpa þeim sem mest þurfa á hjálpinni að halda og svæði þar sem þörfin er mest.

Lions og LCIF hafa lyft Grettistaki í fjölmörgum verkefnum um allan heim en þörfin er enn til staðar.

Á nýju árhundraði mun áherslan verða á sykursýki, umhverfisvernd, hungur, krabbamein í börnum og sjónvernd.

Það er nauðsynlegt fyrir Lions og LCIF að taka mið af þeim breytingum sem verða í heiminum og takast á við nýja vandamál. Lionsfélagar geta látið til sín taka með því að styðja við starf LCIF, hvort sem er með eigin framlögum eða þátttöku í fjáröflunum klúbbsins síns.

Með dyggum stuðningi Lionsfélaga getur LCIF áfram látið gott af sér leiða.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Miriam segir að meðan að hún var ófrísk hafi hún heyrt af til stæði að setja upp skurðaðgerðarbúðir. Tveim dögum eftir að barnið fæddist ákvað hún að fara í aðgerð og maðurinn hennar fór með hana á asna til búðanna. „Eftir aðgerðina hurfu verkimir og ég get hugsað um barnið mitt“ segir Miriam.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Af hverju erum við í Lions

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Ég get sagt fyrir mig að áður en ég gekk í Lions hafði ég ekki íhugað það að taka þátt í félagsstörfum væri eitthvað fyrir mig. Það voru hins vegar tveir þættir sem komu mér á sporið. Annað var áskorun frá vinnufélaga mínum Agli Skúla Ingibergssyni. Hann taldi að við vinnufélagar hans mundum læra svo mikið á að taka þátt í Lionsstarfi. Hins vegar hvatning konu minnar um að taka þátt í félagsstarfi. Vinur minn bauð mér síðan í Lionsklúbbinn Víðarr sem var alveg frábært. Ég er búin að læra mikið um samskipti við annað fólk síðan.

Það er ótrúlega gefandi að vera í félagskap með jafningjum. Deila með þeim hugmyndum sínum og láta þau verða að verkefnum. Láta gott af sér leiða í hópi félagana og finna fyrir þeirri tilfinningu sem það er að hjálpa öðrum. Hvort sem það er í okkar nærsamfélagi þar sem við styðjum við heilsugæslu, björgunar-sveitir og náttúruna eða úti í heimi þar sem sífellt er þörf. Við vitum líka þar sem er þörf þar er Lions. Nýjustu dæmi þar sem Lions er að hjálpa erlendis, er eftir þá fellibylki sem er að skaka Karíbahaf um þessar mundir og sem fóru yfir Texas í síðustu viku. Sjá beiðni frá alþjóða hjálparsjóðnum annarsstaðar í blaðinu og á Facebook Lions.

Lionsklúbbar starfa í yfir 200 löndum. Þeir mynda síðan Lionsshreyfinguna sem tengir saman starfið. Á vegum Lions starfar söfnunar-sjóðurinn Alþjóða hjálparsjóður Lions LCIF. Þessi sjóður styrkir verkefni þar sem þörf er. Hefur hann til dæmis styrkt fjölda verkefna hér á landi. Ef klúbbar eru með stór verkefni til dæmis tugi milljóna þá er hægt að sækja um styrk frá LCIF sem getur komið með allt að helming fjárhæðarinnar á móti því sem viðkomandi klúbbur leggur fram, þó að hámarki um það bil 7 mkr. Auk þess veitir sjóðurinn styrki til stórra áfalla eins og til neyðarhjálpars eins og lýst er hér að ofan. Allt byggir þetta á því að peningar komi í sjóðinn.

Flestum er kunnugt um að næsti alþjóðaforseti Lions er Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lionsklúbbum Eik. Hún er jafnframt fyrsta kona sem verður alþjóðaforseti. Á 100 ára afmælisþinginu í Chicago í sumar fundum við hversu mikla athygli þetta stærsta verkefni sem Lionsfélagi frá Íslandi hefur tekið sér fyrir hendur. Það vissu allir hvar Ísland var, sem á svona frábæran féлага og foringja. Við erum öll svo stolt af henni.

Eitt af því sem við þurfum sífellt að vera á vakt yfir er að viðhalda fjölda félaga. Hreyfingin er með ýmis áform á þrjónunum til að fjölga félögum. Stefnt er að því að safna liði í vetur og stofna klúbba. Sérstaklega vantar að yngja upp á höfuðborgarsvæðinu og stofna kvenna-klúbba. Því eitt af markmiðum Lions er að jafna fjölda kvenna og karla.



Minning + Jón Jóhannesson



Látinn er félagi okkar í Lionsklúbbi Akraness Jón Jóhannesson. Jón gekk til liðs við Lionsklúbb Akraness 2. september 1971 og hefur því verið félagið í klúbbum í tæp 46 ár. Áður var hann félagi í Lionsklúbbi Búðardals. Jón var meðstjórnandi í stjórn klúbbsins starfsárið 1975 – 1976. Eftir það starfaði hann í ýmsum nefndum og verkefnum á vegum klúbbsins. Hann var vinnuvarnafulltrúi, í nefnd um málefni aldraða, starfaði í líknarsjóði og í skemmtinefnd klúbbsins. Þá var hann

formaður Sight-first nefndar, formaður fjóröflunarnefndar. Lengst af starfaði hann í stjórn áhaldakaupasjóðs klúbbsins og lengi sem formaður. Áhaldakaupasjóðurinn veitir árlega fé til tækjakaupa til styrktar starfsemi Sjúkrahússins á Akranesi, nú Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Jón var mjög áfram um að við í Lionsklúbbum stæðum okkar plikt í þeim efnum á hverju ári og var hann fastur fyrir í þeim efnum. Jón var útnefndur Melvin Jones félagi af klúbbum þann 11.

mars 1994 og var vel að þeirri ædstu viðurkenningu Lionsshreyfingarinnar kominn. Hann fór ekki fram með hávaða og látum í störfum sínum fyrir klúbbum en vann sín verk af skyldurækni og trúmennsku. Í þau rúmlega tuttugu ár sem ég átti samleið með honum í klúbbum, mátti ganga að því vísu að Jón mundi mæta á alla fundi, í ferðalög og þær skemmtanir sem klúbburinn stóð fyrir. Fyrir tæpum tuttugu árum hætti Lionsklúbburinn að selja ljósaperur og fór þess í stað vinna við útleigu á ljósakrossum í kirkjugarðinum, og síðar og sjá um útleiguna. Jón var alltaf með fyrstu mönnum að mæta í það verkefni og var mjög áhugasamur um gengi þess. Þá mætti hann alltaf þegar klúbburinn aðstoðaði Íþróttafélagið Þjót við framkvæmd Bocciamóta. Það var einungis síðasta haust sem að Jón mætti ekki, enda heilsan farin að bila og var sérstaklega tekið eftir því að Jón vantaði í hópinn. Að leiðarloku þá kveðjum við félagar í Lionsklúbbi Akraness með söknuði og þökkum honum fyrir allar samverustundirnar og hans vinnu við framgang klúbbsins og verkefna hans. Við sendum fjölskyldu Jóns okkar djúpstu samúðarkveðjur á kveðjustund.

f.h. Lionsklúbbs Akraness
Benjamín Jósefsson

Fellibylurinn Harvey

Eftir Dr. Naresh Aggarwal



Föstudaginn 25. ágúst kom fellibylurinn Harvey inn á land í Texasríki í Bandaríkjunum með vindstyrk upp á 125 mílur á klukkustund. 17 milljónir manna urðu fyrir áhrifum af Harvey þegar hann skall á og þurftu svo að glíma við afleiðingar hans eftir hann hafði gengið niður. Stór svæði urðu fyrir miklum flóðum vegna mikilla rigningar. Meðal annars fór stór hluti af stórborginni Houston á kaf í vatn.

Lionsshreyfingin í gegnum LCIF hefur brugðist við þessum hamförum með að leggja til fé til bráðahjálpar upp á 100,000 dollara. Þessi styrkur mun gera lionsfélögum á svæðinu fært að færa mat, vatn, teppi og aðrar nauðsynjar.

Við vitum aldrei hvar og hvenær svona hörmungar koma, en þegar það gerist, þá munu styrkir LCIF gera lionsfélögum á svæðinu fær að bregðast við og hafa áhrif strax á þeim svæðum sem verst verða úti. Þetta á við út um allan heim.

Það sem þú leggur í LCIF sjóðinn kæri félagi gerir þetta mögulegt og það er ákaflega mikils virði að við styrkjum LCIF. Lionsfélagar eru

óeigingjarnasta fólk í heiminum. Ég fer því fram á það við þig kæri félagi að íhuga að styrkja LCIF svo við getum brugðist eins fljótt við og raun ber vitni þegar hörmungar dynja yfir.

Ég veit að þú munt hafa fórnarlömb síðustu náttúruhamfara í heiminum í huga þínum með mér. Saman getum við haft áhrif saman, áhrif sem skipta miklu máli fyrir fórnarlömbin.

Namaste,

Dr. Naresh Aggarwal

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Minning + Sigurður Ólafsson



Sigurður Ólafsson félagi okkar í Lionsklúbbi Akraness er látinn. Hann gekk til liðs við klúbbinn í febrúar 1959 og var okkar næst elsti starfandi félagi. Diddi varð ritari klúbbsins starfsárið 1961-1962, formaður 1962-1963 og meðstjórnandi starfsárin 1979-1980 og 1984-1985. Hann var sídameistari (tenjari) nokkrum sinnum. Formaður eftirtalinna nefnda, félaganefndar, skemmtinefndar, nefndar um málefni aldraðra, áhaldakaupasjóðs, afmælishátíðarnefnda, fjáröflunarnefndar, íþróttarnefndar, ferða

nefndar, líknarsjóðs, þingnefndar og hússtjórnar. Þá starfaði hann í öllum þessum nefndum auk þess að vera í árshátíðarnefnd klúbbsins. Þá var hann verkefnastjóri, kynningarstjóri og tengiliður við Lionessklúbb Akraness sem seinna varð Lionsklúbburinn Eðna. Hann var skoðunarmaður reikninga klúbbsins. Þá starfaði hann alla tíð

ótullega að verkefnum klúbbsins á hverjum tíma meðan hann hafði heilsu og krafta til. Hann var sjálfskipaður forsöngvari klúbbsins á skemmtunum og fundum. Það var létt yfir Didda í klúbbstarfinu og gaman að vera með honum við hin ýmsu tækifæri. Hann mætti vel á fundi, nema undir það síðasta að mætingum fór fækkandi og að lokum fór það svo að hann treysti sér ekki lengur til fundarsetu, og var það miður. Sigurður var gerður að Melvin Jones félagi í mars árið 1994 og var vel að þeim heiðri kominn. Hann fékk viðurkenningu frá alþjóðahreyfingunni fyrir 50 ára starf að Lionsmálum og fer þeim félögum fækkandi sem ná svo háum starfsaldri. Að leidarlokum þökkum við félagar í Lionsklúbbi Akraness fyrir ánægjulega samveru og skemmtileg kynni og allt hans starf fyrir klúbbinn og hreyfinguna. Við sendum fjölskyldu hans okkar dýpstu samúðarkveðjur á kveðjustund.

*f.h. Lionsklúbbs Akraness
Benjamín Jósefsson*

Lionsklúbburinn Seyla

Lionsklúbburinn Seyla á Álftanesi var stofnaður 2012 og er því aðeins fimm ára um þessar mundir.

Klúbbfélagar eru 22 konur á aldrinum 45-70 ára. Klúbburinn okkar hefur verið að mótast á þessum árum og fundið sér farveg í ýmsum föstum verkefnum. Við tókum m.a. þátt í blóðsykursmælingum sem við bjóðum upp á fyrir hönd Lions á jóla- og góðgerðardaginn sem haldinn er á Álftanesinu í lok nóvember á ári hverju. Undirbúningur fyrir þennan dag hefst strax við upphaf starfsárs í september. Í nóvember hefur verið fastur liður að Seylukonur koma saman til að baka sösur og gera konfekt sem við pökkum í óskjur og seljum á jóla- og góðgerðardaginn ásamt ýmsum öðrum varningi. Söurnar og konfektinn seljast yfirleitt upp á þessum degi svo stundum höfum við þurft að hittast aftur yfir konfektgerð til að hafa upp í pantanir.

Þetta verkefni okkar er komið til að vera og bætir í verkefnasjóðinn okkar svo um munar.

Önnur verkefni sem Seyla hefur tekið þátt í er fjórhreinsun ár hvert á Álftanesi. Einnig höfum við styrkt Alþjóðahjálparsjóðinn, Ljósið, Líknarsjóð Álftaness, Einstök börn, Leiðarljós og Lögreglufélag Reykjavíkur vegna útgáfu á bæklingnum Unglingarnir og sakaskráin.

Í tilefni af 100 ára afmæli Lions, fékk skátafélagið Svanir afhentan skjávarpa að gjöf frá klúbbnum okkar.

Létt hefur verið yfir fundum vetrarins. Við heimsóttum Lkl. Eik í Garðabæ, fengum marga góða gesti í heimsókn, Gunnar Vilbergsson umdæmissjóri 109A kom á nóvemberfund. Janus Guðlaugsson doktor í íspróttu- og heilsufraeðum hélt erindi á janúarfundi. Einn fundur var haldinn í heimahúsi og var það jafnframt afmæli húsráðanda. Ýmsir skemmtikraftar komu og skemmtu okkur t.d. Elva Dögg uppstandari og Bjarni töframaður sem kom á afmælisfundinn okkar sem haldinn var í Golfskála Garðabæjar þar sem við áttum saman skemmtilega kvöldstund ásamt mökum okkar. Á afmælisfundinum var einn félagi Seylu heiðraður með Melvin Jones orðunni en það var hún Guðrún Össurardóttir sem er ein af stofnfélögum Seylu og vann að því að koma klúbbnum saman. Guðrún er reynslubolti innan Lions og var áður í Lkl. Eik, hún hefur unnið mikið starf innan klúbbsins og leiðbeint okkur í sambandi við störf Lions.

Góður hópur úr Seylu tók þátt í 100 ára afmælisferð með nágrennasklúbbum okkar á svæði 6 og fengum við frábærar móttökur í blíðskaparveðri í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi og dagurinn var bæði fróðlegur og skemmtilegur í alla staði. Lokafundur Seylu var haldinn laugar-



Fjórir nýjrir félagar.



Adda, Rut og Guðrún María.



Afhending skjávarpa til Skátafélagsins Svanir.



Guðrún Össurar tekur við Melvin Jones viðurkenningu frá Rut Helgadóttur formanni Seylu.



Afmælishátíð með mökum.



5 ára afmæli Seylu.

daginn 13. maí, léttur fundur með Eurovision ívaði, þar fékk Edda R.H. Waage viðurkenningu frá Alþjóðaforseta fyrir vel unnin störf fyrir hreyfinguna.

Að lokum ber að nefna að fjórir nýjrir félagar bættust við í klúbbinn okkar í vetur svo þessi 5 ára klúbbur vex bara og dafnar og við erum fullar tilhlökkunar og bjartsýni til næstu starfsára.

Með Lionskæðjur Rut Helgadóttir formaður Seylu 2016-2017



Sörubakstur.

Konfekt.



Lestraráttak Lions 2017-2018

Kæru Lionsfélagar um allt land. Nú hefur verkefni Lestraráttaks Lions hafið störf þetta starfsárið. Bókamerki Lions til allra 10 ára barna, eða barna í fimmta bekk, hafa verið talin og deilt á skóla og klúbba. Þau eru nú komin í hendur flestra svæðisstjóra landsins sem voru á sameiginlegum fundi fjöllumdæmis og umdæmanna þann 26. ágúst síðastliðinn.

Viljum við senda þeim bestu þakkir fyrir að koma bókamerkjum til klúbbformanna á fyrsta svæðisfundum. Nánari upplýsingar verða sendar til klúbbformanna og stjórna á næstunni. Endilega skráið þetta verkefni í verkefnaskýslur klúbbanna.

Til gamans má geta að Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úa í Mosfellsbæ, tóku þátt í Lestraráttaksverkefni 25.08. síðastliðinn. Kvikmyndateymi frá höfuðstöðvum Lions var hér að gera kynningarmyndband um Guðrúnu B. Yngvadóttur og hin ýmsu störf og verkefni Lions, vegna framboðs hennar til alþjóðaforseta. Þetta er eitt af mörgum verkefnum sem Lionsklúbbar hafa tekið þátt í og er 10 ára alþjóðlegt verkefni sem hófst 2012 – 2022.

Við fengum leyfi til að heimsækja Varmárskóla í Mosfellsbæ, færa börnunum bókamerki Lions og í leiðinni að gefa þeim bókagjafir til yngri og eldri deildar skólans. Skólabókasafnsfræðingur skólans var okkur innan handar með að velja spennandi bækur sem við svo fengum frá Forlaginu með góðum afslætti. Skólastjórnendur voru einstaklega jákvæðir og fengu börnin á sal skólans, þrátt fyrir að skólasetning hafi verið tveim dögum áður og truflun á skólastarfinu. Fulltrúar klúbbanna ásamt Guðrúnu Björt sáu um afhendingu til barnanna og skólans.

Að endingu var farið á skólabókasafn yngri deildar þar sem nokkur börn frá báðum deildum settust í lestrarkrókinn með bækur og hlustuðu á lestur verðandi alþjóðaforseta sem fékk einstaka athygli og undirtektir barnanna. Þetta varð hin ánægjulegasta stund.

Lionsfélagar við hvetjum ykkur til að taka þátt í þessu verkefni, sem er bæði skemmtilegt og gefandi. Fá leyfi til að heimsækja skólanna og útfæra það jafnvel eins og ykkar klúbba langar til og hentar s.s. bókagjafir eða annað. Best er ef þið getið fengið að heimsækja börnin og afhenda þeim bókamerkin. Að hvetja börn til lesturs og gera Lions sýnilegra í leiðinni.

Með kveðju frá Lestraráttaksteyminu
 Dagný Fimmsdóttir, lestrarátaksstjóri fjöllumdæmi 109
 Hrunn Hjaltadóttir, lestrarátaksfulltrúi í umdæmi - B
 Jórunn Guðmundsdóttir, lestrarátaksfulltrúi umdæmi - A



Minning + Elínborg Salome Jónsdóttir



Góður félagi í Lkl. Seylu á Álftanesi er fallin frá. Elínborg Jónsdóttir var yngst fimm systra, ættuð frá Stóra Dal í Austur-Húnavatnssýslu og fæddist þann 3. desember 1962. Hún lést 20. júní 2017. Elínborg er ein af stofnfélögum Seylu og var einstaklega góður og virkur félagi, var gjaldkeri starfsárið 2014-2015 og gekk í flest störf og verkefni sem við tókum okkur fyrir hendur hvort sem var að þrjóna töskur, hreinsa fjörur eða baka sörur. Hún starfaði sem bólstrari og rak eigið bólstur fyrirtæki í mörg ár þar sem

hún skilaði ótal fallegum og vönduðum verkum til ánægðra viðskiptavina sinna. Henni til halds og trausts var eiginmaður hennar, Hilmar Þórarinnsson húsasmiðameistari og voru þau einkar samhent hjón. Hilmar er félagi í Lionsklúbba Álftaness og ef veisluhöld innan félaganna okkar bar á góma voru þau fyrst allra til að taka að sér undirbúning og matseld ef á þurfti að halda enda bæði annálaðir kokkar. Það er mikill missir af félagi eins og Elínborgu og við minnumst hennar með hlýju og söknuði. Við vottum Hilmari, börnum þeirra og barnabörnum okkar dýpstu samúð

Blessuð sé minnig Elínborgar Salome Jónsdóttur.

Fyrir hönd Lkl. Seylu
 Rut Helgadóttir

Lionsklúbburinn Ægir starfsárið 2016 /2017

Heilir og sælir lionsfélagar nær og fjær. Þar sem minn hefur nú lokið formannstíð sinni með sóma og glans, þá er ekki seinna vænna að gera kunnugt fyrir lionsfjölskyldunni afrek og skemmtilegheit oss á síðasta starfsári.

Ægir 60 ára 6. mars 2017

Hápunktur starfsársins var auðvitað 60 ára afmæli klúbbsins sem við héldum upp á laugardaginn 29. apríl.

Kl. 11 var farið í óvissuferð með rútu og auðvitað mökum þeirra sem þannig búa. Heimsótt voru Landhelgisgæslan flugsvið, Bryggjan brugghús til að gæða sér á dýrindis fiskisúpu þar sem brenndu Omnom hvítu súkkulaði hafði verið bætt út í (aldeilis gott, fannst mér alla vega), Sjóminjasafnið en þar var gamla varðskipið Óðinn aðallega skoðaður en félagi okkar hafði á sínum ungdómsárum verið þar skipverji, við héldum fyrst að hann hefði verið þar skipstjóri / kapteinn miðað við hvernig hann bar sig en svo kom í ljós að hann hafði verið (yfir)háseti. Að lokum var Hellisheiðarvirkjun heimsótt, en hún hefur verið rekin með tapi frá fyrsta degi. Allan tíman var boðið upp á guðaveigar í og við rútna. Fóru þar í maga fjöldi lítra af bjór og auðvitað var boðið upp á rautt og hvítt fyrir dömurnar. Boðið var upp á gos, sem fáir báðu um, minnir mig. Komið var í bæinn aftur síðdegis, var mér sagt.

Um kvöldið var síðan hátíðarkvöldverður í Húnabúð þar sem Soho veitingar í Reykjanesbæ sáu um matinn. Aldeilis frábær matur, vel hægt að mæla með þeim. Við buðum auðvitað yfirlíðinu úr hreyfingunni og fulltrúum frá stofnklúbbi okkar lionsklúbbi Reykjavíkur og vinaklúbbi okkar lionsklúbbum Fjölni. Fluttar voru nokkrar ræður og sungið saman. Sungið var fyrir okkur og okkur skemmt en einn félagi vor, meira að segja ævifélagi Ómar Þorfinnur Ragnarsson lék á alls oddi. Vár hann eiginlega meira í ræðupúlti en við matarborðið um kvöldið. Samt sló öll met í ræðupúltsdvöl veislustjórinn, höfundur þessarar greinar en hann reytti af sér brandara eftir brandara og hefur ekki annað eins gerst í sögu hreyfingarinnar á 60 ára afmæli Ægis, hvorki fyrr né síðar.

Jóhann Baldvin Garðarsson núverandi formaður Ægis var gerður (eða segir maður það ekki) að Melvin Johns félagi en hann er vel að því kominn, alltaf jákvæður og traustur félagi.

Kveðja barst frá Ólafi Maríussyni ævifélagi eina núlifandi stofnfélaga Ægis, en hann sá sér ekki fært að mæta á fögnuðinn.



Þetta afmælishóf heppnaðist í alla staði mjög vel, enda hafði verið spenningur fyrir þessu. Reyndar svo mikill að kvöldið áður sást til heldri hjóna sem mættu og gripu í tómt. Herran hélt á flösku í brúnum bréfpoka enda átti hver og einn að mæta með sína drykki. Mikið lifandi ósköp voru þau nú glöð að hitta okkur kvöldið eftir.

Gerðum við eitthvað fleira

Annars var starfsemi klúbbsins hefðbundin. Félagsfundir okkar eru 2. og 4. miðvikudag í mánuði kl.18,30 og því matarfundir. Sá fyrsti 14. september og sá síðasti 12. apríl, fyrir utan afmælið. Flesta höldum við í Sundaborg þar sem við höfum aðstöðu, en einnig var farið í steinbæjarskoðun í miðbæ Reykjavíkur undir leiðsögn sagnfræðingsins í hópnum, á veitingastaði (Kaffi Reykjavík, Kryddlegin hjórtu og Vínhúsið) og í fyrirtækjaheimsókn (Íslensk Ameríska þ.e. Myllan, Frón og Ora). Við höldum bingó með fullt af vinningum fyrir íbúa í Hátúni 12 (Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra) og Litlu jólin fyrir íbúa á Sólheimum í Grímsnesi. Þar færðum við þeim að gjöf boccia dót og vígðum lyftu milli hæða í Ægisbúð sem hafði verið gefin nokkru áður. Við buðum

einnig heimilismönnum Sólheima á vordögum í bæjarferð í samstarfi við Borgarleikhúsið til að sjá leikritið Úti að aka. Allir mjög ánægðir með þá ferð.

Okkar helsta fjáröflun eins og undanfarin ár í samstarfi við lionsklúbbinn Fjölmi er Kúttmagakvöldið sem haldið var í troðfullum Súlnasal hótél Sögu föstudagskvöldið 3. mars 2017. Þar var boðið upp á dýrindis fiskiréttahlaðborð, skemmtiatriði og svo auðvitað happdrætti og málverkauppboð. Allir mjög sáttir.

Viðtakandi stjórn Ægis mætti á fjöllumdæmisþingið á Hótel Sögu.

Í vor bættist okkur liðsstyrkur þegar Þórir Kjartansson og Þorlákur Ómar Einarsson gengu í Ægi. Þeir höfðu mætt á nokkra félagsfundi sem gestir. Þórir er meira að segja svo öflugur að hann lauk Lionsskólanum áður en hann gerðist félagi. Félagar í Ægi í vetur eru 30 þar af 2 ævifélagar. Og auðvitað eru fleiri velkomnir.

Og að lokum

Ég fráfarandi formaður Ægis fór á alheimsþingið í Chicago nú um mánaðamótin júní júlí og var það mikil upplifun enda þar samankomin yfir

30 þúsund LJÓN. Nú stefnum við auðvitað sem flest íslensk LJÓN á að mæta á alþjóðþingið í Las Vegas í lok júní 2018. ÞEGAR fyrsta konan í 101 árs sögu lions verður alþjóðaforseti nr. 102 en eins og við öll vitum er það okkar Guðrún Björt Yngvadóttir.

Í vetur mun ég starfa sem gjaldkeri í Ægi og einnig sem svæðisstjóri á svæði 7. Á mínu svæði er einn kvennaklúbbur Eir sem þarf fleiri félagar því þær sem fyrir eru ætla að hætta. Því vil ég biðja ykkur um að láta mig vita ef þið þekkið til einhverra kvenna sem eru á Reykjavíkursvæðinu og hafa áhuga á því að kynna sér starfsemi lions. Fleiri íslenskar konur í lions, því fókusinn verður á Ísland næstu 3 árin.

Bestu lions kveðjur og ég hlakka til vetrarins.

Sveinbjörn Fjölmi Pétursson

Fráfarandi formaður og nú gjaldkeri Ægis og Svæðisstjóri svæði 7

PS. Elsku LJÓN, munið nú gullnu regluna að svara tölvupósti fljótt og vel. TAKK

Lionsklúbbur Laugardals

Þjörgunarsveitin Ingunn sem staðsett er á Laugarvatni og sinnir útköllum um allt Suðurland sem og á hálendi Íslands endurnýjaði nýverið vélsleðaflota sinn auk ýmissa búnaðar sem tengist rekstri og útgærd á sleðunum. Að því tilefni styrkti Lkl. Laugardals Ingunni um sem nam 10% af fjárfestingunni.



Formaður Lkl. Laugardals, Snæbjörn Þorkelsson (t.v.) afhendir formanni Ingunnar, Sölva Arnarssyni, styrkinn.

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Lionsklúbburinn Sunna




Lionsklúbburinn Sunna á Dalvík hélt veglegan kökubasar og áhvaðu Lionskonur að ágóðinn af þeirri sölu færi í að kaupa nýtt sjónvarp í Skógarhólana, Þann 29. ágúst 2012 var formlega opnuð skammtímavistun á Dalvík og er hún staðsett í Skógarhólum 23a. Í daglegu tali er skammtímavistunin kölluð Skógarhólar. Fyrstu notendurnir komu í dvöl þann 30 ágúst 2012. Skammtímavistunin starfar eftir lögum um málefni fatlaðra. Þeir sem eiga rétt á að nýta sér þjónustuna í Skógarhólum eru fatlaðir eintaklingar sem búa í heimahúsum, hvort sem um ræðir börn eða fullorðna. Börn sem eru í fötlunarflokk 1-3 samkvæmt Tryggingarstofnun ríkisins eiga rétt á að nýta sér þjónustuna. Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum, veita fötluðum einstaklingum tilbreytingu og stuðla með þeim hætti að fatlaðir geti búið sem lengst í heimahúsum. Skógarhólar er heimili notendanna þegar þeir dvelja þar og stunda notendur skóla, vinnu, sækja tólmstundir og sinna sínum áhugamálum eins og þeir myndu gera þegar þeir eru heima hjá sér. Þeir

hitta vini og bjóða þeim í heimsókn í Skógarhóla og ýmislegt er gert til afþreyingar en allt fer það eftir aðstæðum og getu hvers og eins hverju sinni því notendurnir eru ólíkir með ólík áhugasvið og reynt er eftir fremsta megni að gera dvöl þeirra sem ánægjulegasta. Einnig eru Skógarhólar hugsaðir sem undirbúningur fyrir sjálfstæða búsetu og því mikilvægur liður að taka þátt í þeim heimilisstörfum og daglegu amstri heimilisins eins og kostur er. Virkilega flottar konur sem tóku á móti okkur með vöflukaffi og góðu spjalli, sögðu okkur allt um starfseminna sem er þar núna, er þetta í annað skipti sem lionsklúbburinn Sunna færir þessu heimili gjafir.

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Sunnu Dalvík
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir fregnaritari.*

Minning + Svanhildur Þorkelsdóttir



f: 14/3 1943, d: 27/7 2017

Svanhildur Þorkelsdóttir er fallin frá aðeins 74 ára að aldri. Þessi glæsilega kona með fallega brosið sitt, glettnina í augunum og sína hlýju, unnefjandi útgeislun.

Það er Svanhildi að þakka að klúbburinn okkar varð að veruleika; Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ en nafnið var sótt í eina aðalpersónu Kristniðhaldsins undir Jökli eftir Halldór K. Laxnes. Svanhildi voru Lionsmál afar hugleikin en þeim hafði hún kynnst í

gegnum Jóhann eiginmann sinn, sem var mikill Lionsmaður og meðlimur í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar þar til hann féll frá. Henni fannst tilfinnanlega vanta kvennaklúbb í Mosfellsbæinn. Haldnir voru margir undirbúningsfundir í eldhúsinu hjá Svanhildi og það varð úr að Lkl. Úa var formlega stofnaður 10. desember 2007, þökk sé henni.

Hún sat í fyrstu stjórn klúbbsins og tók þátt í allri starfsemi hans og öllum viðburðum á hans vegum til síðustu stundar. Okkur þótti við hæfi að gera Svanhildi að fyrsta Melvin Jones féлага Lkl. Úu, en það er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar. Eins þegar nefna átti "hovunnagshetju" vorum við ekki í vafa um hver það ætti að vera.

Svanhildur hafði ákaflega góðan húmor og skemmti okkur hinum oft með hnyttilegum tilsvörum og gamansemi. Ekki þótti okkur verra þegar hún settist við píanóid og spilaði "We'll meet again" og fleiri uppáhaldslög.

Þótt Svanhildur hafi misst heilsuna og nokkuð væri af henni dregið síðustu misserin, lét hún sig ekki vanta á klúbbfundi og tók heilshugar þátt í þeim eftir bestu getu.

Lkl. Úa sendir fjölskyldu hennar innilegustu samúðarkveðjur.

*F.h. Lkl. Úu
Sigríður Skúladóttir*

Stór viðburður framundan



Á gætu Lionsfélagar
Einn af stærstu viðburðum Lionshreyfingarinnar er framundan, bæði fyrir alþjóða hreyfinguna og ekki síður fyrir þá Íslensku. Fyrsti kven alþjóðaforsæti hreyfingarinnar og fyrsti alþjóðaforsæti hreyfingarinnar frá Íslandi verður Guðrún Björt Yngvadóttir. Guðrún verður kjörin í embætti á alþjóðafundi sem haldið verður í Las Vegas dagana 29. júní – 3. júlí.

Vitað er að þó nokkuð margir Lionsfélagar og jafnvel heilir klúbbar hafa mikinn áhuga á að fara á alþjóðafundið og taka þátt í þessum merkilega viðburði sem og öðru sem þingið hefur upp á að bjóða.

Við höfum leitað eftir tilboði frá Icelandair fyrir slíka hópferð og boðið verður upp á tvo möguleika. Í báðum tilfellum er flugið í gegnum Seattle með um það bil 3 klst. stoppi

Brottför 25. júní og heimferð 4 júlí. Ferðakostnaður 126.100 kr.

Brottför 26. júní og heimferð 5 júlí. Ferðakostnaður 117.500 kr.

Hægt er að velja aðrar dagsetningar (fyrir heimferð) en þær sem eru hér að ofan.

Allar skráningar vegna flugs skulu fara í gegnum Kristinn Hannesson.

Sími: 896-6883. Tölvupóstur: kristinnhannesson@simnet.is

Ýmis gisting er í boði. Fyrir okkur Íslendinga eru frátekin herbergi á MGM Grand hótelinu <https://www.mgmresorts.com/en/hotels/las-vegas/mgm-grand.html> en þar fara nánast allir viðburðir þingsins fram.

Hótelid er afar vel staðsett og glæsilegt í alla staði. Miðað við gistingu á því hóteli má gera ráð fyrir að kostnaður verði nálægt því sem hér segir:

Skráningargjald = 150\$ = 16.400 kr. (greitt er bæði fyrir þátttakanda og maka)

Gisting á MGM = 1.250\$ + skattar = 137.000 kr. + skattar (9 nætur án morgunverðar)

Norræna kynningarkvöldið = 60\$ = 6.600 kr. (tveggja – þriggja rétta kvöldverður)

Norræna Hospitality Room = = 25\$ = 2.700 kr.

Vesti fyrir skrudgöngu = 1.400 kr.

Buxur / pils fyrir skrudgöngu = 5.000 kr. (áætlun)

(Verð miðast við gengi 16. ágúst 2017)

Sé gengið út frá þessum verðum gæti kostnaðurinn verið:

Brottför 25.06.2018

Hjón = 453.400 kr.

Einstaklingur = 295.200 kr.

Brottför 26.06.2018

Hjón = 436.200 kr.

Einstaklingur = 286.600 kr.

Dagskráin gæti litið út eitthvað á þessa leið:

Sunnud. 24. júní	Mánud. 25. júní Brottför	Þriðjud. 26. júní Brottför	Miðvikud. 27. júní DGE skóli byrjar Íslenskur upplýsingafundur	Fimmtud. 28. júní Norræna Get-together	Föstud. 29. júní Opnað fyrir skráningu	Laugard. 30. júní Skrudganga International Show
Sunnud. 1. júlí Opnunar-hátíð Kosningar hefjast Hospitality Room	Mánud. 2. júlí Þingfundur	Þriðjud. 3. júlí Loka þingfundur International Officers reception	Miðvikud. 4. júlí Heimferð	Fimmtud. 5. júlí Heimferð	Föstud. 6. júlí	Laugard. 7. júlí

Ítarlega dagskrá tilbúin síðar

Þar sem við höfum takmarkað magn flugsæta og herbergja á þessu frábæra MGM hóteli er nauðsynlegt að þeir sem hug hafa á að fara þessa ferð hafi samband sem fyrst og eigi síðar en 1. nóvember. Tilboðið vegna flugsæta gildir fram í desember.

Herbergin sem við eigum frátekin á MGM renna okkur úr greipum í byrjun desember.

Við hvetjum allt Lionsfólk sem hefur nokkurn kost á að mæta á þennan stóra viðburð að gera það. Að fara á Alþjóðafundur Lionshreyfingarinnar er sérstök upplifun, gera má ráð fyrir að á þingið mæti 25.000 – 50.000 Lionsmenn alls staðar úr heiminum. Fyrir okkur

Íslendingana er þetta mjög merkilegt þing. Það að við skulum nú eignast forsæta stærstu hjálparsamtaka heims er mjög merkilegt og að það skuli vera í fyrsta skipti sem kona er kjörin í þetta embætti er líka merkilegt í hreyfingu sem nú fagnar 100 ára afmæli.

Mikilvægt er að allar skráningar vegna vegna þingsins og hótelsins verði í höndum nefndarinnar. Skráningareyðublöð vegna þess verða send til þeirra sem þess óska.

Nánari upplýsingar munum við undirrituð veita sé eftir því óskað.

Með Lionskveðju,

Kristín Þorfinnsdóttir

Lkl. Embla Selfossi

Sími: 863 1420

Tölvupóstur:

vidreisn@internet.is

Kristinn Hannesson

Lkl. Mosfellsbæjar

Sími: 896 6883

Tölvupóstur:

kristinnhannesson@simnet.is

Stefán Árnason

Lkl. Vitaðsgjafi Eyjafirði

Sími: 8646444

Tölvupóstur:

stefan@esveit.is



LCI vefsíða þingsins: <http://lclion.lionsclubs.org/EN/index.php>

Vefsíða þinghaldara: <http://lions2018lasvegas.org/>

Fræðslukorn

SKIPULAG UMDÆMIS

- Umdæmisstjóri (DG)
- Fráfarandi umdæmisstjóri (IDG)
- Fyrsti varaumdæmisstjóri (1st VDG)
- Annar varaumdæmisstjóri (2nd VDG)
- Ritari/gjaldkeri umdæmis
- Svæðisstjórar (ZC)
- Stjórnendur málaflokka í umdæminu

Umdæmisstjóri stjórnar og hefur sér til halds og trausts góðan hóp af fólki sem aðstoðar hann/hana og ber ábyrgð á hinum ýmsu málaflokkum umdæmisins.

Til að vera með löggilt umdæmi eiga þau að vera með lágmark 35 klúbba og 1.250 lionsfélaga.

Umdæmisstjóri hefur mikla ábyrgð og hér eru nokkur þau helstu:

UMDÆMISSTJÓRI
Abyrgð/helstu verkefni

- Stjórna og styðja við félagafjölgun og stofnun klúbba
- Hvetja til leiðtogajálfunar í klúbbi og umdæmi
- Verja skráð vörumerki Lions
- Kynna LCIF og verkefni LCI
- Stjórna umdæmisstjórn, umdæmisþingum og öðrum fundum í umdæmi

UMDÆMISSTJÓRI
Helstu verkefni (framh.)

- Tryggja að klúbbar starfi samkvæmt starfsreglum/lögum Lionshreyfingarinnar
- Fylgjast með greiðslum klúbba og fjármálum umdæmis
- Hvetja til samstarfs klúbba
- Stjórna umdæmisfulltrúum kosnum eða skipuðum
- Önnur verkefni sem umdæmisstjóra er falið að vinna af alþjóðastjórn og umdæmi

Umdæmisstjóri (DG)

1. Almenn lýsing

Umdæmisstjóri (DG) er fulltrúi Alþjóðahreyfingar Lions - Lions Clubs International (LCI) í sínu umdæmi. Umdæmisstjóri er aðalstjórnandi síns umdæmis og hefur umsjón með störfum 1. varaumdæmisstjóra (1VDG) og 2. varaumdæmisstjóra (2VDG), svæðisstjórum, umdæmisritara og gjaldkera, og öðrum fulltrúum umdæmisstjórnar í samræmi við lög og starfsreglur viðkomandi umdæmis.

Helstu verkefni:

- Hafa umsjón með félagastjóra (GMT) innan umdæmisins, stýra og stuðla að félagafjölgun og fjölgun klúbba.
- Hafa umsjón með leiðtoga- og fræðslustjóra (GLT) innan umdæmisins, stýra og stuðla að forystupjálfun innan klúbba og umdæmis.
- Kynna alþjóðahjálparsjóðinn (LCIF) og önnur þjónustuverkefni hreyfingarinnar.
- Stuðla að sátt milli Lionsklúbba.
- Leiða og stjórna meðlimum umdæmisstjórnar og nefndum umdæmisins í samræmi við reglur umdæmisins.
- Leggja fyrir umdæmisþing eða fjöllumdæmisþing bókhald um tekjur og útgjöld umdæmisins.
- Afhenda tímanlega við lok stjórnartímabils síns allar fjárreiður og gögn umdæmisins til þess er tekur við störfum hans.
- Tilkynna Alþjóðahreyfingar Lions öll þekkt brot á reglum um notkun nafns og merkis Alþjóðahreyfingar Lions.
- Framkvæmir önnur þau verkefni sem til er ætlast af Alþjóðahreyfingar Lions samkvæmt „District Governor's Manual“.

Kjörgengur til embættis umdæmisstjóra er 1. varaumdæmisstjóri. Kjörgengur til embættis 1. varaumdæmisstjóra er 2. varaumdæmisstjóri. Kjörgengur til embættis 2. varaumdæmisstjóra er Lionsfélagi sem gegnt hefur embætti svæðisstjóra, umdæmisritara eða umdæmisgjaldkera.

2. Sérstök verkefni

- Stýra stjórnarfundum, þingum og öðrum fundum umdæmisins. Í forföllum umdæmisstjóra er það hlutverk 1. varaumdæmisstjóra eða 2. varaumdæmisstjóra að taka við. Ef þeir eru ekki tilstaðar stýrir sá sem fundargestir velja.
- Sjá til þess að sérhver Lionsklúbbur í umdæminu fái árlega heimsókn frá umdæmisstjóra eða öðrum fulltrúa umdæmisstjórnar, til að stuðla að góðum stjórnunarháttum í klúbbum. Eins að sá sem heimsækir klubbinn sendi heimsóknarskýrslu til Alþjóðahreyfingar Lions, - Lions Clubs International (LCI).
- Taka námskeið um hlutverk umdæmisstjóra og kynna sér skyldur umdæmisstjóra.

3. Frekari upplýsingar

- Starfsheiti á ensku: District Governor.
- Á alþjóðavef Lions er að finna margs konar efni og upplýsingar um embættið:

District Governor Team Manual: http://www.lionsclubs.org/EN/common/pdfs/dgm_ch00_2015.pdf

Í Umdæmisstjórategyminu eru 3 stöður sem hver og ein skipa sinn þátt í að viðhalda sterku og öflugum umdæmi. Þessi 3 embætti eru:

- Umdæmisstjóri
- 1 varaumdæmisstjóri
- 2 varaumdæmisstjóri

Fyrsti varaumdæmisstjóri

- Framkvæmir þær skyldur og ákvarðanir sem að umdæmisstjóri og alþjóðastjórn setja
- Heldur fundi í fjarveru umdæmisstjóra
- Heimsækir klúbba sem fulltrúi umdæmisstjóra
- Tryggir að klúbbar í umdæminu séu virkir og sterkir
- Aðstoða hin ýmsu teymi við stefnumótun og markmiðasetningar

Fyrsti varaumdæmisstjóri (1.VDG)

1. Almenn lýsing

Fyrsti varaumdæmisstjóri skal, undir stjórn og leiðbeiningum umdæmisstjóra, vera fyrsti aðstoðarstjórnandi og fulltrúi umdæmisstjóra.

Helstu verkefni:

- Kynna tilgang Alþjóðahreyfingar Lions (LCI).
- Sinna þeim stjórnunarstörfum sem umdæmisstjóri felur honum og verkefnum sem alþjóðastjórn Lions ákveður.
- Aðstoðar umdæmisstjóra við að kynna sér styrki og veikleika klúbba í umdæminu.
- Greina hugsanlega veika klúbba og skipuleggja áætlun um að styrkja þá.
- Heimsækir að ósk umdæmisstjóra klúbba sem fulltrúi umdæmisstjóra.
- Vinna sem tengill milli vinnuhóps umdæmisstjóra (District Governor Team) og leiðtoga- og fræðslufulltrúa (GLT) og félagafulltrúa umdæmisins (GMT).
- Vera virkur þátttakandi í leiðtoga- og fræðslu teymi (GLT) og félagasteymi (GMT) ásamt umdæmisstjóra, 2. varaumdæmisstjóra við að koma á og innleiða áætlun um félagafjölgun.

- Vinna með umdæmisstjóra, 2. vara-umdæmisstjóra og leiðtoga- og fræðsluteymi (GLT) við að þróa og innleiða áætlun um leiðtogaþjálfun (leadership development).
- Hefur að beiðni umdæmisstjóra umsjón með öðrum nefndum umdæmisins.

2. Sérstök verkefni

- Sitja fundi umdæmisstjórnar og stýra fundum í fjarveru umdæmisstjóra og taka að öðru leyti þátt í umdæmisstjórnarfundum.
- Kynna sér skyldur umdæmisstjóra þannig að hann geti tekið við verkefni hans með stuttum fyrirvara t.d. vegna veikinda umdæmisstjóra, þar til annar yrði skipaður umdæmisstjóri samkvæmt reglum Alþjóðahreyfingar Lions.
- Vinna með þingnefnd umdæmisins og aðstoða hana að skipuleggja og halda árlegt þing og aðstoða umdæmisstjóra í að skipuleggja og kynna aðra atburði innan umdæmisins.
- Taka þátt í skipulagningu næsta starfsárs þar á meðal gerð fjárhagsáætlunar.
- Skrifa greinar í Lionsblaðið og setja inn upplýsingar á vef Lions.
- Taka námskeið um hlutverk fyrsta varaumdæmisstjóra.
- Stefna að því að vera búinn að skipa í embætti verðandi umdæmisstjórnar fyrir miðjan febrúar ár hvert.

3. Frekari upplýsingar

- Starfsheiti á ensku: First Vice District Governor.
- Á alþjóðavef Lions er að finna margs konar efni og upplýsingar um embættið:



Annar varaumdæmisstjóri (2.VDG)

1. Almenn lýsing

Helstu verkefni:

- Hann skal vera aðstoðarstjórnandi og fulltrúi umdæmisstjóra.
- Sinna þeim stjórnunarstörfum sem umdæmisstjóri felur honum og verkefnum sem alþjóðastjórn Lions ákveður.
- Kynna sér stöðu klúbba umdæmisins, yfirfara mánaðarskýrslur.
- Aðstoða umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra við að finna og styrkja hugsanlega veika klúbba.
- Heimsækir klúbba sem fulltrúi umdæmisstjóra.
- Aðstoðar við skipulagningu árlegs umdæmisþings.
- Vinna sem tengill milli umdæmisstjórnar og leiðtoga- og fræðsluteymis (GLT) og vera virkur þátttakandi við að innleiða áætlun um leiðtogaþjálfun.
- Vinna með félagateymi (GMT) við að þróa og innleiða áætlun um félagafjölgun.
- Vinna með alþjóðahjálparsjóðsfulltrúa (LCIF), við kynningu á hjálparsjóðnum.
- Vinna með netteymi og kynningarteymi við kynningarmál í samfélagsmiðlum.
- Fá klúbba til að nota og tileinka sér Internetið og sækja sér efni á vefsíðu Alþjóðahreyfingar Lions.

- Aðstoða við skipulagningu næsta starfsárs, þar á meðal gerð fjárhagsáætlunar.

2. Sérstök verkefni

- Sitja fundi umdæmisstjórnar og stýra fundum í fjarveru umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra og taka að öðru leyti þátt í umdæmisstjórnarfundum.
- Kynna sér skyldur umdæmisstjóra þannig að hann geti tekið við verkefni hans með stuttum fyrirvara.
- Taka námskeið um hlutverk fyrsta varaumdæmisstjóra.

3. Frekari upplýsingar

- Starfsheiti á ensku: Second Vice District Governor.

- Á alþjóðavef Lions er að finna margs konar efni og upplýsingar um embættið:

Glærur eru þýddar og staðfærðar af Sigfríði Andradóttur en nánari skýringar á hlutverkum umdæmisteymisins er að finna í Handbók fjölumdæmisráðs/ umdæmisstjórna á innri vef lions.is

*Sigfríð Andradóttir
1VDG í umdæmi 109B*



**Formannafundur haldinn á Akureyri 30. september,
tíma- og staðsetning auglýst síðar.**

Gróskumikið starf hjá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar

Þegar þessar línur koma fyrir sjónir lesenda er vetrarstarfið hjá okkur í LkH. að hefjast í septembersólinni í Haukahúsinu að Ásvöllum. Kvöldsólin sendi geisla sína á litskrúðugt hraunið fyrir utan með sínum margbreytilegum litum náttúrunnar er tilheyra þessum árstíma. Þar sem við sitjum á fundi, blasir við okkur vaxandi skógarlundur er fyrrverandi alþjóðaforseti Dr. Wing-Kun gróðursetti þar fyrsta tréð vorið 2012 þegar hann var hér í heimsókn ásamt öðru Lions fólki, er þar var viðstatt. Skógarlundur þessi sem kallaður er Kjaranslundur, til heiðurs Magnúsi Kjaran sem var fyrsti formaður Íslenska Lions klúbbsins, Lionsklúbb Reykjavíkur sem stofnaður var árið 1951. Kjaranslundur hefur dafnað vel í sumarblíðunni og gróskan verið mikil. Þannig viljum við að starf okkar verði í vetur, gróskumikið og vel unnið að Lions-málum.

Við félagarnir í LkH. erum afskaplega ánægðir með að hafa lagt til umdæmisstjóra þessa starfsárs, fyrir umdæmi 109A. Ellert Eggertsson er sjöundi umdæmisstjórinn sem kemur frá klúbbum. Við erum stoltir af hans starfi og munum eftir öllum mætti styrkja hann og styðja í þessu veigamikla embætti meðal annars með því að starfa með honum í umdæmisstjórn. Fyrsti umdæmisstjórinn frá klúbbum var Ásgeir Ólafsson, en það kom í hans hlut að stjórna og bera ábyrgð á stærstu og fyrstu fjáröflun sem Lionsklúbbur á Íslandi hafa staðið að sameiginlega. Hér er átt við sölu Rauðrar fjöður 15. og 16. apríl 1972. Klúbburinn hefur í gegnum árin lagt til fjóra fjöllumdæmisstjóra.

Umhverfismál er eitt af markmiðum Lions- hreyfingarinnar á 100 ára afmælinu og hafa klúbbur verið hvattir til að gera góða hluti í sinni heimabyggð. Við í LkH. ákváðum að kaupa þrjá áningabekki sem við afhentum Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar nú í júlí sem viðurkenning á frábæru starfi Skógræktarfélagsins í upplandi Hafnarfjarðarbæjar. Bekkirnir voru settir niður á fallegri gönguleið umhverfis Hvaleyrarvatn.

Við félagarnir þrjátíu og átta erum með matarfundum að venju í Haukahúsinu, annan og fjórða hvern fimmtudag kl. 19.00 Búið er að skipa í nefndir og eru þær farnar að huga að vetrarstarfinu. Formaður okkar á þessu starfsári er Guðjón Þórir Þorvaldsson, Magnús Baldursson ritari og Magnús Jónsson gjaldkeri. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar sendir öllum bestu kveðjur og óskir um velfarnaðar í Lions starfinu.

*Friðgeir H. Guðmundsson
Bláðafulltrúi LkH.*



Kjaranslundur.



Lions- og Skógræktarfolk á góðri stundu.



Áningabekkurinn góði við Hvaleyrarvatn.



Sögustund með Ingvári Viktorssyni um Vífilstaði.



Vorferð í Árbæjarsafni.



Ingvær, Kristinn, Magnús, Jón Rúnar og Gissur.



Haraldur, Magnús, Jóhannes, Björgúlfur og Úlfur.



Á göngu um Árbæjarsafni.



Dagbjört, Ester og Guðlaug Eygló.



Lárus, Guðrún Inga, G. Kristinn, Rósa og Hákon.



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Njóttu útsýnisins



SPORTAGE



The Power to Surprise

Kia Sportage hugsar fyrir öllu

Nú kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Búðu þig undir að venjast athyglinni, því Kia Sportage stentst ekki bara væntingar þínar – hann brunar fram úr þeim. Fyrsta flokks tækni og einstök gæði gera hverja ferð ógleymanlega. Þú verður að prófa til að sannfærast.

Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Hér koma nokkrar greinar sem teknar eru af síðunni Lions mál. Það er von mín að þetta Hgeti orðið reglulegt og muni auka fjölbreytni í blaðinu hjá okkur:

Lionsklúbburinn Harpa Stykkishólmi

Lionsklúbburinn Harpa fór í fyrstu fjáröflun starfsársins um helgina en það var vörutalning fyrir Bónus í Stykkishólmi. Það er verkefni sem við höfum tekið þátt í tvisvar á ári undanfarin ár og erum eiginlega ómissandi þar :) Annars eru ýmiskonar þrífaverkefni fyrir Stykkishólmsbæ og sumarhúsaeygendur í sveitarfélaginu að verða með stærstu fjáröflunum klúbbsins.



Lionsmál



Fjölumðæmisráð 2017-2017

Hér má sjá mynd af fjölumðæmisráði starfsárið 2017 – 2018.

Kvikmyndateymi heimsækir Ísland

Kvikmyndateymi heimsótti Ísland í lok ágúst til að taka stutt kvikmyndaskot af Guðrúnu Björt Yngvadóttur verðandi alþjóðaforseta. Myndimar hér að neðan voru teknar í Smalholti þar sem lionslundur þeirra Eikarkvenna er en þar hafa þær gróðursett og ræktað tré síðastliðin 25 ár.

